



**Afreksstefna
Badminton sambands Íslands
2020 – 2028**

Samþykkt á þingi 26.ágúst 2020

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Badminton – nútíð og fortíð	3
3. Framtíðarsýn afreksmála	5
4. Skilgreiningar.....	5
5. Markmið.....	6
6. Framkvæmdaaðilar og hlutverk þeirra	8
7. Reglulegt endurmat markmiða	10
8. Fylgiskjöl.....	10

1. Inngangur

Afreksstefna Badmintonsambands Íslands (BSÍ) er yfirlit yfir fyrirhugað skipulag og áætluð markmið fyrir afreksstarf badmintoníþróttarinnar á Íslandi fyrir tímabilið 2020-2028.

Tilgangur með gerð afreksstefnunnar er að leggja línur varðandi umhverfi afreksíþróttafólks í badminton og setja markmið um hvernig megi auka getustig þeirra. Stefnt er að því að íslenskt badmintonlandslíð sé á meðal 25 bestu þjóða í Evrópu og að við eigum ávallt a.m.k. tvo karlkyns og tvo kvenkyns leikmenn sem keppa reglulega á mótum erlendis.

Stjórn BSÍ telur markmiðin og stefnuna sem hér koma fram mjög metnaðarfulla og mun reyna að gera allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja aukið fjármagn til að hægt sé að starfa eftir skipulagi afreksstefnunnar.

2. Badminton – nútíð og fortíð

Forsaga

Badmintoníþróttin kom fyrst til Íslands frá Danmörku árið 1933 með Jóni Jóhannessyni sem kynntist íþróttinni þegar hann var þar á ferðalagi. Jón var einn af stofnfélögum fyrsta badmintonfélagsins, Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur (TBR), sem var stofnað 4. desember 1938. Stofnfélagar TBR voru 29 en í dag eru rúmlega 5000 manns sem iðka badminton á Íslandi.

Iðkendum badmintoníþróttarinnar á Íslandi fjölgaði jafnt og þétt og fyrsta Íslandsmótið var haldið 1949. Það var þó ekki fyrr en árið 1967 sem BSÍ var stofnað. Fyrsti formaður þess var Kristján Benjamínsson.

Fyrsta erlenda mótið sem BSÍ tók þátt í var Norðurlandamótið árið 1972 og fyrsti landsleikurinn var gegn Norðmönnum árið 1973.

Badminton er mun eldri íþróttgrein á alþjóðavísu en Alþjóða badmintonsambandið (BWF) var stofnað árið 1934 eða um það leiti sem Íslendingar voru fyrst að kynnast íþróttinni. Badmintonsamband Evrópu (BE) var stofnað árið 1967. Fyrsta heimsmeistaramótið var haldið í Malmö í Svíþjóð árið 1977.

Fyrst var keppt í badminton á Ólympíuleikum árið 1992 í Barcelona. Við það að íþróttin varð Ólympíugrein urðu mun meiri fjárhæðir í boði og stórþjóðir fóru að einblína meira á þjálfun afreksmanna í greininni. Það hefur reyndar orðið til þess að þjóðir sem Ísland vann yfirleitt á árum áður í landsleikjum hafa skotist fram úr okkur.

Á alþjóðavettvangi hafa íslenskir leikmenn náð ágætis árangri. Á Ólympíuleikum 1992 áttu Íslendingar þrjá keppendur; Brodda Kristjánsson, Árna Þór Hallgrímsson og Elsu Nielsen. Í Atlanta fjórum árum síðar var Elsa Nielsen eini keppandinn fyrir Íslands hönd. Enginn íslenskur keppandi vann sér inn þátttökurétt á Ólympíuleikum í Sídney árið 2000 og Aþenu 2004. Ragna Ingólfssdóttir vann sér inn þátttökurétt á leikunum í Peking 2008 og í London 2012.

Þátttökurétt á Ólympíuleikum og heimsmeistaramótum öðlast leikmenn með góðri stöðu á heimslista Alþjóða Badminton sambandsins (BWF). Heimslistinn ákvarðast af árangri í alþjóðlegum mótum. Besta sæti sem íslenskir leikmenn hafa náð er 17. sæti á heimslista BWF. Það voru Broddi Kristjánsson og Árni Þór Hallgrímsson sem náðu þeim árangri árið 1992 í tvíliðaleik. Ragna Ingólfssdóttir hefur náð hæst allra í einliðaleik en árið 2007 var hún í 37. sæti listans. Eftir að badminton varð Ólympíugrein er baráttan um sæti á heimslista orðin mun harðari. Kári Gunnarsson stefnir á Ólympíuleikana 2021 og hefur síðustu 2 ár ferðist um allan heim til þess að safna stigum á heimslistann. Ekki er komið í ljós hvort hann komist inn á Ólympíuleikana í Tokyo þegar þetta er skrifað.

Íslenskir keppendur hafa náð prýðilegum árangri í alþjóðlegum mótum og tekist að vinna mót sem kalla má í „B-klassa“. Landslið Íslands hefur tvívegis unnið B-keppni Evrópu og náð að vera meðal 15 bestu þjóða í Evrópu.

Staðan í dag

Vorið 2020 er A-landsliðið númer 34 í Evrópu. Við eigum sterka einstaklinga sem eru ungir að árum. Stelpurnar ættu að geta náð því að vera á meðal 70 bestu í heiminum og von er til þess að fleiri en ein geti blandað sér í þá baráttu næstu árin. Strákarnir eiga einnig möguleika á að bæta sína stöðu verulega næstu árin og færa sig nær 100. sæti á heimslista eða komast jafnvel í hóp hundrað bestu. Við eigum hóp af leikmönnum sem hafa góðan grunn fyrir badminton sem auðvelt er að byggja á.

Í badminton eru þróunar- og árangursmöguleikar miklir. Samtímis er þó fjöldi afreksleikmanna ekki mjög mikill, sem hefur í för með sér að skortur er á fjölbreytilegum andstæðingum fyrir þá bestu í landinu. Það er því nauðsynlegt fyrir íslenskt afreksfólk í badminton að fá hingað til lands erlenda leikmenn til að spila við eða fara erlendis til æfinga og keppni. Til að hægt sé að bera sig saman við leikmenn frá öðrum löndum og vera inn á heimslistanum í badminton þurfa leikmenn að taka reglulega þátt í mótum sem gefa stig á listann. Aðeins eitt slíkt mót er haldið hér á landi á hverju ári og þurfa leikmenn því að sækja a.m.k. 10 mót erlendis til að fá rétta mynd af stöðu þeirra gagnvart heimslista.

Áhyggjuefni er að svo virðist sem ungir leikmenn hafi dregist aftur úr jafnöldrum sínum í öðrum löndum. Á árunum 2016 – 2020 hefur U17 landsliðið tapað 3 landsleikjum og unnið einn en U19 landsliðið hefur tapað 9 landsleikjum og unnið tvo.

Iðkendum

Fjöldi iðkenda í badminton á Íslandi er rúmlega 6.300 miðað við starfsskýrslur. Fjöldi unglinga 18 ára og yngri er 3.133. Iðkendafjöldi hefur verið að aukast örlítið síðustu ár auk þess sem gæðin hafa aukist. Ljóst er að gera þarf átak í því að efla þátttöku í íþróttinni og minnka brottfall. Badminton er hinsvegar afar vinsælt sem heilsurækt og fjölmargir fullorðnir iðka íþróttina alla ævi sér til heilsubótar.

Aðbúnaður

Almennt á Íslandi er ágætis aðstaða fyrir badminton í íþróttahúsum. Víðast hvar eru teiknaðir badmintonvellir og á langflestum stöðum eru til net og netstólpar. Sérhæfð

aðstaða fyrir badminton er hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur en þar er mikill fjöldi valla sem gefur mikla möguleika með tilliti til æfinga og keppni.

3. Framtíðarsýn afreksmála

Afreksstefna BSÍ er unnin á grunni samskonar vinnu frá 2016. Að þessu sinni vann Afreks- og landsliðsnefnd í samvinnu við landsliðsþjálfara og framkvæmdastjóra að gerð stefnunnar. Stjórn samþykkti hana á fundi og í kjölfarið var hún svo send félögunum til yfirlstrar og athugasemda áður en hún var lögð fram til samþykktar þings BSÍ.

Stjórn BSÍ ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í samstarfi við Afreks- og landsliðsnefnd BSÍ og landsliðsþjálfara. Mikilvægt er að góð samvinna sé við félögin um framfylgd stefnunnar því hjá félögunum fer stærstur hluti þjálfunar leikmanna fram. Ljóst er einnig að félögin hafa hlutverk varðandi fjárhagslega aðstoð við leikmenn, félögin sjá um mótahald að miklu leyti og útbreiðsla íþróttarinnar á hverjum stað er á höndum félaganna.

Meðal verkefna BSÍ er að tefla fram landsliðum í alþjóðlegri keppni. Sambandið vinnur að því að byggja enn frekar upp faglega þekkingu keppenda og þjálfara. Nauðsynlegt er að vera með stoðþjónustu við landsliðin, svo sem fagaðila á sviði sálfræði, sjúkrþjálfunar, næringarfræði og þrekþjálfunar. Til að taka frekari framförum á alþjóðlegan mælikvarða er nauðsynlegt að íslenskir leikmenn keppi reglulega á erlendum mótum. Til að allt þetta verði að veruleika þarf fjármagn að vera til staðar.

Til að gefa fleiri einstaklingum tækifæri til að keppa reglulega á mótum erlendis er þörf á samstilltu átaki sambandsins og félaganna. Þeir leikmenn sem vilja leggja þetta á sig og hafa til þess getu og hæfileika þurfa fjárhagslegan stuðning til að standa undir þeim kostnaði sem óhjákvæmilega fylgir.

4. Skilgreiningar

Við skilgreiningu afreks hefur BSÍ til hliðsjónar skilgreiningu ÍSÍ:

Um **framúrskarandi leikmann** í badminton er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.

Afreksmaður er hver sá badmintonmaður sem æfir markvisst, hefur skýr markmið og telst hafa möguleika, hæfileika og líkamlegt atgervi, til að ná langt í badminton.

Afreksefni teljast þeir badmintonmenn sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Eftirfarandi hópar er skilgreindir á vegum BSÍ:

Í **Afrekshóp** er valinn takmarkaður fjöldi leikmanna sem á hverjum tíma þykja helst eiga möguleika á að ná árangri í alþjóðlegri keppni eða eru mjög líklegir til að ná þeirri getu í næstu framtíð.

Í **Úrvalshóp U15 – U19** er valinn takmarkaður fjöldi leikmanna sem á hverjum tíma þykja eiga möguleika á að ná árangri í alþjóðlegri keppni í sínum aldursflokki og eru líklegir til að ná góðri getu í næstu framtíð.

Þá eru einnig hóparnir **Landsliðshópur eldri** og **Landsliðshópur yngri**.

Landslið Íslands sem taka þátt í alþjóðlegum mótum eru A-landslið fullorðinna, U19 landslið unglunga, U17 landslið unglunga og U15 landslið unglunga.

Hæfileikamótun U15, U13 og U11 fer fram í samvinnu við félögin.

Landsliðsþjálfarar hafa haldið opnar æfingar fyrir U9 – U11 1 – 2 sinnum á ári þar sem félög hafa geta sent iðkendur. Þá eru landsliðsæfingar fyrir U11 – U13 reglulega yfir keppnistímabilið þar sem landsliðsþjálfarar velja leikmenn á þær æfingar

Val í hópa/lið er byggt á :

- Frammistöðu á landsliðsæfingum.
- Frammistöðu í mótum.
- Æfingasókn á félagsæfingar.
- Mat landsliðsþjálfara á hversu mikið eftirfarandi leikmaður getur bætt sig.

Leikmenn sem valdir eru í Afrekshóp og Úrvalshóp U15-U19 þurfa að mæta eftirfarandi kröfum:

- Stunda tiltekinn fjölda badmintonæfinga og lyftinga-/þrekæfinga á viku.
- Mæta á allar landsliðsæfingar.
- Taka þátt í mótum.
- Færa æfingadagbók (afrekshópur).
- Standast þrekmælingar.
- Skila vinnuframlagi fyrir BSÍ

Nánari skilgreiningu varðandi þessi atriði má finna í Umsóknareyðublaði fyrir þessa hópa í viðhengi.

5. Markmið

Markmiðum BSÍ má skipta í þrjá flokka, almennt, þróun og árangur.

a) Almennt

Almenn markmið BSÍ skipta máli sem grunnur fyrir stefnu sambandsins gagnvart afreksstarfi innan badmintonhreyfingarinnar á Íslandi.

- Að skapa menningun innan badminton íþróttarinnar á Íslandi sem einkennist af samvinnu, metnaði, gleði og upplifun.
- Að skapa badmintonssamfélag sem heldur leikmönnum í íþróttinni.
- Að skapa badmintonssamfélag með stöðuga nýliðun sem tryggir fjölgun iðkenda innan Badmintonssambandsins.
- Að standa fyrir útbreiðslu íþróttarinnar þannig að badminton sé iðkað í öllum landshlutum.
- Að fjölga félögum sem bjóða upp á badminton, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landi.
- Að stuðla að aukinn fjöldi mannvirkja sé notaður í að stunda badminton í, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem tilfinnanlega vantar aðstöðu, gjarnan sérhæfða badmintonaðstöðu.
- Að skapa möguleika fyrir leikmenn þannig að þeir geti stöðugt bætt árangur sinn.
- Að stækka þann hóp sem keppir reglulega á mótum.
- Að skapa aukna fjölbreytni í mótahaldi m.a. með því að koma á öflugri liðakeppni hjá unglingum og keppnisfólki sem er í gangi stóran hluta keppnistímabilsins.
- Allt ofangreint á að skapa möguleika á því að getustig badmintonss á Íslandi hækki þannig að fleiri leikmenn geti skilgreinst sem afreksmenn.

b) Þróun

Neðangreind markmið taka mið af framtíðarsýn BSÍ og byggja á þeirri hefð fyrir árangri sem til staðar er og því getustigi sem íslenskir badmintonleikmenn eru á.

- Að þróa þjálfunarmynstur þannig að leikmenn tileinki sér tæknilega, leikfræðilega og líkamlega eiginleika sem eru skilgreindir fyrir hvern tiltekinn aldur. Þjálfarar sjái til þess að leikmenn hafi náð tókum á þessum þáttum.
- Að BSÍ ráði þjálfara til vinna að hæfileikamótun barna og unglunga í samvinnu við landsliðsþjálfara.
- Notast verði við BWF/BEC Level 1, 2 og 3 við menntun þjálfara. Stefnt er að því að þjálfunarstig 1 verði kennt á Íslandi á hverju ári og að þetta stig verði ókeypis fyrir aðildarfélögin og þjálfara þeirra. Sækja þarf þjálfunarstig 2 og 3 erlends.
- Á árinu 2023 verði komin sú krafa að aðildarfélög sem séu með leikmenn í landsliðshópum BSÍ verði að minnsta kosti með 2 þjálfara innan sinna raða með BWF / BEC Level 1 og að aðildarfélög sem eigi leikmenn í Afrekshóp verði með að minnsta kosti 1 þjálfara með BWF / BEC Level 2.
- Að mennta fjölda þjálfara sem hafa getu til að framkvæma hugmyndir framtíðarsýnarinnar í daglegri þjálfun. Fimm þjálfarar ljúki BWF / BEC þjálfunarstigi 1 á hverju ári, einn til tveir ljúki stigi 2 og einn ljúki stigi 3 annað hvert ár.

- Að efla metnað í afreksþjálfun í badminton. Þetta er gert með auknu samstarfi BSÍ og aðildarfélaga með námskeiðshaldi héraendis og að senda aðila erlendis á námskeið.
- Að efla gæði Afreks- og Úrvalshóps U15-U19 og auka samkeppnishæfi leikmanna á alþjóðlegum vettvangi.
- Að vera með stoðteymi fyrir landsliðshópa sambandsins sem samanstendur af sérfræðingum á sviði sjúkráþjálfunar, sálfræði, þrekmælinga og næringarfræði auk badmintonþjálfunar. Teymið skal fræða afreksfólk, framkvæma reglulegar mælingar og styðja við einstaklinga og greina þarfir þeirra. Einnig að efla samstarf innan stoðteymis og þjálfara.
- Að bestu leikmennirnir keppi reglulega í alþjóðlegum mótum með samstilltu átaki BSÍ og félaga viðkomandi leikmanna.
- Að halda áfram hæfileikamótun með æfingabúðum fyrir aldurinn U11-U13.
- Að gert verði samkomulag milli BSÍ, leikmanna og félaga þeirra um skyldur aðila og sameiginleg markmið.
- Að BSÍ taki þátt í kostnaði við ferðir landsliða eins og fjárhagur leyfir enda komi slíkt fram í áætlunum sambandsins ár hvert.

c) Árangur

Neðangreind markmið eru hugsuð sem eðlileg afleiðing af vinnu með markmið um þróun sem lýst er að ofan. Miðað er við að árið 2024 hafi eftirfarandi markmið náðst:

- Að ná öðru sæti í riðli í undankeppni EM blandaðra liða.
- Að ná öðru sæti í riðli í undankeppni Thomas og/eða Uber Cup.
- Að ná að spila um 1. – 4. Sæti í þeirri deild sem Ísland spilar í, í Sudirman Cup
- Að koma a.m.k. einum leikmanni á Ólympíuleika 2024.
- Að koma a.m.k. einum leikmanni á eitt HM.
- Að koma a.m.k. fjórum leikmönnum á eitt EM.
- Að a.m.k. fjórir leikmenn taki á einu tímabili þátt í a.m.k. tíu mótum í Evrópumótaröðinni í einhverjum af greinunum fimm.
- Að vera a.m.k. nr. 120 á heimslistanum í einhverri grein annarri en þeirri grein sem gaf ÓL sæti.

Að eiga árið 2024 krakka sem geta komist upp úr riðli í U11A, U13/U15M í Danmörku eða sambærilegt

6. Framkvæmdaaðilar og hlutverk þeirra

- 1) **Stjórn BSÍ** ber ábyrgð á meginákvörðunum varðandi stefnu þessa og fylgir eftir markmiðum hennar. Stjórn BSÍ ræður landsliðsþjálfara með það fyrir augum að skapa möguleika á því að framfylgja afreksstefnu sambandsins.

- a) Afreks- og landsliðsnefnd starfar í umboði stjórnar og landsliðsþjálfari vinnur náið með nefndinni.
 - b) Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála.
 - c) Fræðslunefnd vinnur að fræðslu- og útbreiðslumálum.
- 2) **Framkvæmdastjóri BSÍ** er nauðsynlegur tengiliður milli stjórnar og allra annarra aðila sem að stefnunni koma. Framkvæmdastjóri fylgist með að verkefni séu á áætlun og sér um ýmiskonar vinnu í kringum landslið og afreksfólk. Framkvæmdastjóri er starfsmaður allra nefnda sambandsins.
 - 3) **Landsliðsþjálfari** er mikilvægur hlekkur í þróun badmintons á Íslandi og í framkvæmd stefnunnar þar sem hann stendur að hluta til fyrir daglegri vinnu við þjálfun leikmanna og að hluta til sem leiðbeinandi fyrir stjórn sambandsins og aðra starfsmenn þess.
 - 4) **Hæfileikmótunarþjálfari** vinnur í samvinnu við félögin að þróun ungra leikmanna.
 - 5) **Þjálfararnir** í félögunum eru afar mikilvægur hluti afreksstefnunnar, þar sem framtíðarsýnin er eingöngu framkvæmanleg ef gott samstarf er á milli landsliðsþjálfara og þjálfara félaganna þannig að allir séu að vinna á sömu línunni. Mikilvægt er að þjálfarar félaganna sinni reglulega endurmenntun.
 - 6) **Félögin** eru mikilvægur hlekkur í starfinu við þróun badmintons á Íslandi. Það er nauðsynlegt að félögin fái kynningu og upplýsingar um skipulagið við þróun leikmanna og þjálfunarinnhald, þannig að leikmennirnir fái ákjósanlega möguleika til að þroskast í þá átt sem óskað er eftir. Það er einnig mikilvægt, að félögin séu áhugasöm um að ráða þjálfara sem hafa góða menntun og eru tilbúnir að starfa eftir stefnu sambandsins. Mikilvægt er að félögin stuðli að auknu menntunarstigi og endurmenntun fyrir sína þjálfara.
 - 7) **Iðkendurnir** sjálfir eru vissulega miðpunktur afreksstefnunnar. Mikilvægt er þeir séu sjálfir meðvitaðir um sitt hlutverk og skyldur og séu tilbúnir að takast á við það verkefni að verða og/eða vera afreksíþróttafólk.
 - 8) **Foreldrar** og fjölskyldur gegna einnig mikilvægu hlutverki í þroska badmintonleikmanna. Það er því mikilvægt að foreldrar og fjölskylda fái kynningu á markmiðum og afstöðu Badmintonsambandsins. Sú kynning hefur það markmið að skapa jákvætt hugarfar fyrir íþróttinni hjá nánustu ættingjum leikmanna svo að þeir hvetji sitt fólk frekar áfram heldur en hitt.
 - 9) **Sérfræðingar / Heilbrigðisteymi** eru nauðsynlegir fyrir árangur. Hér er átt við lækna, sjúkrapjálfa, íþrottafræðinga, sálfræðinga, næringar-fræðinga, þrekþjálfara o.fl. Þessir aðilar þurfa að koma að starfinu við sérstakar aðstæður til að hjálpa til við að ná sem bestum árangri.

10) **Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ)** er einn af mikilvægustu aðilunum við framkvæmd afreksstefnunnar. ÍSÍ er stuðningsaðili á pólitísku sviði, veitir fjármagn, kemur að menntunarmálum, gefur upplýsingar og fleira. Þetta er ein af forsendum þess að hægt sé að framfylgja afreksstefnunni og framtíðarsýn sambandsins. Náðið og gott samstarf við ÍSÍ er því nauðsynlegt til að geta þróað íslenskt badminton frekar.

11) **Atvinnulífið** getur leikið lykilhlutverk varðandi þróun íþróttarinnar á Íslandi, þar sem fjármál og samstarfsaðilar eru mikilvægur þáttur í nútíma íþróttasamfélagi. Náðið samstarf við mikilvæg fyrirtæki getur aukið möguleikana á að áætlanir afreksstefnunnar og framtíðarsýnarinnar geti orðið að veruleika.

7. Reglulegt endurmat markmiða

Afreksstefnan skal endurskoðuð á formannafundi árlega. Stjórn BSÍ mun nota álit og ábendingar formannafundar ásamt greinargerð afreks- og landsliðsnefndar til hliðsjónar við endurmat. Einnig að funda árlega með afreksfólki til að fara yfir hvað betur mætti fara og þess háttar. Breytingar á afreksstefnunni, ef einhverjar eru, verða síðan kynntar á ársþingi BSÍ og uppfært skjal birt á heimasíðu BSÍ. Einnig mun það verða sent þeim sem fer með mál afrekssviðs ÍSÍ.

8. Fylgiskjöl

Heiðursmannasamkomulag fyrir landsliðshópa.
Umsóknareyðublað fyrir Afrekshóp og Úrvalshóp U15-U19.